

Miðvikudaginn 8. desember 1943.

Nr. 73/1943. **Réttvísinn** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

**Jóni Sigurðssyni** (Gunnar J. Möller).

Fjárdráttur úr sjálfs sín hendi. Hlutdeild í röngum framburði fyrir dómi.

### Dómur hæstaréttar.

Svo sem í héraðsdómi greinir, kveðast þeir amerískir hermenn hafa skotið saman kr. 400.00 til áfengiskaupa, þar sem þeir voru staddir á tilgreindu veitingahúsi. Hafi ákærði verið þar við og boðið þeim að kaupa áfengi handa þeim. Einn hermanna tók við peningunum og fór út úr veitingahúsinu ásamt ákærða. Segir hermaður þessi, að hann hafi farið með ákærða að húsi Hjálpræðishersins í Reykjavík og afhent ákærða þar peningana, en ákærði síðan farið inn í húsið með þá. Er ákærði kom ekki aftur, fékk hermaðurinn í lið með sér annan hinna hermanna, er að samskotunum stóðu, og fundu þeir ákærða fyrir utan hús Hjálpræðishersins. Var ákærði tekinn þarna fastur. Hafði hann þá í fórum sínum kr. 64.00. Þar sem hermaður sá, er fór til áfengiskaupanna með ákærða, er einn til frásagnar um það, að hann hafi fengið ákærða greindar 400 krónur, og þar sem fjárhæð þessi hvorki fannst í vörzlum ákærða, er hann var handtekinn, né hefur komið í leitirnar, þykja ekki gegn eindreginni neitun ákærða fram komnar sönnur að því, að hann hafi dregið sér fé þetta.

Ákærði hefur hins vegar játað, að hann hafi í maimánuði s. l. tekið við 180 kr. af öðrum hermanni og hafi hann átt að kaupa áfengi handa hermanninginum fyrir féð, en eytt því í eignar þarfir. Þessi játning er studd framburði tveggja hermanna svo og reyndum málsins. Verður því afturköllun játningar ákærða, sem engum rökum er studd, ekki tekin til greina. Loks hefur ákærði orðið frumkvöðull að því, að annar maður gerðist sekur um rangan framburð fyrir dómi.

Atferli ákærða varðar við 247. gr. og 142. gr. 1. mgr.

sbr. 22. gr. 1. mgr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði, en vist hans í gæzluvarðhaldi vegna máls þessa komi fullri dagatölu til frádráttar refsivistinni.

Ákvæði héraðsdómsins um sviptingu réttinda og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Lögreglumenn og dómari leiddu í rannsókn málsins ákærða fyrir hermenn til þess að fá skýrslu þeirra um það, hvort hann væri sá maður, er þeir töldu, að hefði vélað þá. Var ákærði þá látinn, að því er séð verður, koma einn fyrir hermennina, en þeir ekki látnir benda á hann í hópi manna. Verður að víta þessa rannsóknaraðferð.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Sigurðsson, sæti fangelsi 4 mánuði, en gæzluvarðhald hans vegna máls þessa komi fullri dagatölu til frádráttar refsivistinni.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristján Guðlaugssonar og Gunnars Möllers, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. júní 1943.

Ár 1943, laugardaginn 12. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingstofunni af Jónatan Hallvarðssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1298/1943: Réttvisin gegn Jóni Sigurðssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 15. og 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Það var dómtekið 10. þ. m.

Ákærður er Jón Sigurðsson verkamaður, til heimilis á Fjölnisvegi 6 hér í bæ, fæddur 7. janúar 1912 í Stykkishólmi. Hann hefur áður tvívegis verið sektaður fyrir ölvun á almannafæri, en að öðru leyti ekki áður verið refsað.

## I.

Um kl. 19,40 þriðjudaginn 6. apríl s. l. kom ameriskur herlög-reglumaður á lögreglustöðina og beiddist aðstoðar islenzku lög-reglunnar til að handtaka í húsi Hjalpræðishersins islenzkan mann, sem haft hefði fé af tveim hermönnum. Tveir islenzkir lög-regluþjónar fóru á vettvang, og er þeir komu að húsinu, var þeim vísað inn í herbergi á 3. hæð. Var þar fyrir ákærður og tveir hermenn, og sögðu hermennirnir frá því, að ákærður væri sá, sem hefði haft af þeim peninga. Ákærður var mjög ölvaður. Lögregluþjónarnir tóku ákærðan og fluttu á lögreglustöðina, og var hann þar settur í fangageymslu lögreglustöðvarinnar. Þá hafði hann á sér kr. 64.00 í peningum.

Hermenn þeir, sem voru með ákærða í umrætt skipti, Charles Francis Bilder og Veron Joseph Kellner, hafa skýrt svo frá, að um kl. 18 þenna dag hafi þeir setið inni á Hótel Gullfoss ásamt félagala sínum. Höfðu þeir verið að tala um að ná sér í áfengi og skotið saman 400 krónum til þess. Þá kom ákærður til þeirra og bauðst til að útvega þeim áfengi. Fór Bilder, sem hafði peningana undir höndum, út með ákærðum til að ræða um þetta. Ákærður bað Bilder að koma með sér að húsi Hjalpræðishersins, og varð það úr, að þeir fóru þangað. Þegar þangað kom, bað ákærður Bilder að fá sér peningana og biða eftir sér, meðan hann næði í vinið, og gerði Bilder það. Beið hann eftir ákærðum í nokkurn tíma, en er ákærður kom ekki, fór Bilder á Hótel Gullfoss og náði í Kellner, og fóru þeir aftur að húsi Hjalpræðishersins og hófu að leita að ákærðum. Hittu þeir hann loks fyrir utan húsið á tali við hermenn og leituðu þá til herlögreglunnar, sem sneri sér aftur til islenzku lögreglunnar, eins og fyrr segir.

Vitnið Thomas Joseph Mc Elligot, sem var með þeim Bilder og Kellner inni á Hótel Gullfoss í umrætt skipti, hefur skýrt svo frá, að þeir félagar hafi skotið saman 400 krónum til áfengiskaupa. Þá hafi ákærður komið til þeirra og boðið þeim áfengi, og hafi Bilder, sem hafi haft peningana, farið með honum. Hann veit ekki nánar um, hvað gerðist, því að hann yfirgaf Kellner, meðan ákærður og Bilder voru í burtu, og fór á bió þetta kvöld.

Ákærður hefur neitað að hafa tekið við nokkrum peningum af hermönnum umrætt kvöld. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi fyrir hádegi þenna dag byrjað að drekka. Síðari hluta dags hafi hann farið inn á Hótel Heklu og setið þar að drykkju, en farið þaðan um kl. 6 og verið þá mjög ölvaður. Eftir það muni hann mjög

lítið eftir sér. Hann man ekki hvar né hvenær hann hittir hermenn þá, er áður greinir, né hve lengi hann var með þeim, og segist ekki kannast við þá nema Bilder. Peninga þá, sem hann hafði á sér, segir hann vera eftirstöðvar af 100 krónum, sem hann fékk lánaðar hjá manni.

Vitnin Bilder, Kellner og Mc Elligot hafa öll unnið eið að framburði sínum.

Enda þótt ákærður hafi eindregið neitað að hafa tekið við peningum af hermönnunum í umrætt skipti, verður með framburðum framangreindra vitna og með tilliti til hinna óljósu skýrslna ákærðs að telja sannað, að hann hafi tekið við peningunum af hermönnunum.

## II.

Laugardaginn 22. maí s. l., eftir að rannsókn áðurgreinds máls var lokið, en áður en dómur var kveðinn upp í því, kom hermaðurinn Hendrick Poul Carver til lögreglunnar og kærði yfir því, að ákærður hefði þá fyrir ca. viku síðan haft út úr sér 180 krónur. Hafði hann nú aftur hitt ákærðan af tilviljun á götu.

Fyrir rétti bar hermaðurinn það, að hann hefði hitt ákærðan fyrir utan kaffihús. Ákærður hafði ávarpað hann að fyrri bragði og boðizt til að láta hann hafa áfengi, ef hann léti sig hafa 180 krónur. Hermaðurinn kvaðst þá hafa látið hann hafa 180 krónur og gengið með honum að húsi, er ákærður fór inn í, til þess að sækja áfengið, að því er hann sagði. Þar beið hermaðurinn nokkurn tíma, unz hann taldi sig úrkula vonar um það, að ákærður kæmi aftur með áfengið.

Félagi Carvers, Albert Eugene Walton, hefur borið það, að hann hafi verið með Carver umrætt kvöld. Kveðst hann hafa séð, er þeir tóku tal saman, Carver og ákærður, en heyrði ekki, hvað þeim fór á milli. Hann gekk síðan með þeim að húsi því, er ákærður fór inn í, og sagði Carver honum þá, að ákærður ætlaði að ná í áfengi. Vitnið beið síðan ásamt með Carver, unz þeir voru úrkula vonar um, að ákærður kæmi aftur.

Carver gat ekki skýrt frá því, hvar það var, sem hann hittir ákærðan, né heldur hvaða hús ákærður hafði farið inn í, en taldi sig mundu geta bent á staðina.

Þegar ákærður var leiddur fyrir réttinn og yfirheyrður út af þessu, viðurkenndi hann, að þessi saga Carvers væri rétt.

Hann segist hafa hitt neðarlega á Laugavegi drukinn hermann, sem hann kannast við að sé Carver, og tekið við af honum 180 krónum til að kaupa áfengi fyrir. Kveðst hann síðan hafa farið með honum og öðrum hermanni að húsi á Laugavegi 19. Þar segist hann hafa ætlað að fá sér lánaðan síma hjá konu, er þar býr, og hringja eftir áfengi. Kona sú, er hann ætlaði að finna, var ekki

heima, svo hann fór út aftur, en fann þar ekki hermennina, sem hann þó hafði sagt að biðja eftir sér. Kveðst hann síðan hafa farið niður í bæ og falað áfengi, en ekki fengið það, farið síðan aftur upp á Laugaveg, en ekki séð hermennina heldur þá. Þess vegna kveðst hann hafa farið til mágs sins, Þorleifs Sivertsen, og beðið hann að geyma 175 krónur.

Þorleifur var nú kvaddur fyrir rétt og skýrði þá frá því, að Jón hefði eitt sinn komið til sín með 175 krónur og beðið sig að geyma og skýrt frá því, að þær stöfuðu af einhverjum viðskiptum. Kvaðst Jón ekki hafa hitt mennina, en vildi ekki hafa peningana á sér og bað því Þorleif að geyma þá, þangað til hann kæmist í samband við hermennina og gæti skilað peningunum.

Staðfesti ákærður, að þessi framburður Þorleifs væri réttur. Voru síðan Carver endurgreiddir peningarnir.

Með því að ástæða þótti til að rengja þenna framburð ákærða, var Þorleifur Sivertsen aftur kvaddur fyrir rétt daginn eftir, og skýrði þá frá því, að ákærður hefði komið til sín morguninn áður, er hann var að fara til réttarhaldsins, skýrt sér frá því, að hann hefði tekið við peningum af tveim útlendingum til að kaupa fyrir þá vín, og ættu þeir peningana. Nú ætti hann að mæta fyrir rétti og byggist við að þurfa að endurgreiða peningana. Bað hann vitnið að hjálpa sér til þess. Var svo um talað á milli þeirra, að vitnið geymdi peningana, en Jón visaði réttinum á hann, og átti vitnað að segja, að Jón hefði fengið sér peningana í síðastliðinni viku, en nánar var ekki um það rætt. Lagði kona Jóns fram 140 krónur, en vitnið það, sem á vantaði úr eigin vasa, og gerði svo eins og um var talað.

Er þessi framburður Þorleifs var borinn undir ákærðan, viðurkenndi hann hann réttan. Kvaðst hann þá hafa tekið við peningum af Carver og eytt þeim í eigin þarfir, og um morguninn, er hann var kvaddur fyrir réttinn, kvaðst hann hafa farið til Þorleifs og beðið hann að volta þetta með sér fyrir lögreglunni, ef á þyrfti að halda, að hann geymdi fyrir sig peninga, er ákærður hefði áður fengið honum til geymslu, og væri það vegna þess, að ákærður gæti ekki komið þeim til skila til hermanns þess, er ætti þá. Kvaðst ákærður þá hafa gert ráð fyrir, að sent yrði til Þorleifs, og átti Þorleifur þá að afhenda peningana.

Var nú höfðað mál gegn ákærðum, og hann jafnframt settur í gæzluvarðhald hinn 28. maí s. l.

Eftir það beiddist ákærður þess í gegnum talsmann sinn að fá að gefa á ný skýrslu í málinu. Var hún nú á þá lund, að allt, sem hann hefði áður sagt í þessu máli, væri rangt. Kvaðst hann nú ekki hafa séð Carver, fyrr en hann var leiddur fyrir hann á lög-reglustöðinni. Kvaðst hann hafa búið til sögu þessa af ótta við það að verða settur í gæzluvarðhald, er hann mætti fyrir réttinum.

Eftir þetta voru þeir Carver og Walton kvaddir til að benda á kaffihús það, er þeir komu út af, er þeir hittu ákærðan, og bentu þeir á Ölduna og hús það, er ákærður fór inn í, og bentu þeir á Laugveg 19, eins og ákærður hafði áður skýrt frá.

Með framburði þeirra Carvers og Waltons svo og framkomu ákærða fyrir réttinum þykir það vera sannað, að ákærður hafi haft fé út úr Carver og eytt því í eigin þágu. Varðar það brot hans svo og brot hans, er lýst var undir I., við 247. gr. almennra hegningarlaga. Með því að fá Þorleif Sívertsen til að bera rangt um málið hefur hann gerzt sekur við 142. gr. 1. mgr., sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Refsingur hans ber að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega áveðin fangelsi í 6 mánuði. En rétt þykir að ákveða, að gæzluvarðhaldsvist ákærða hinn 9.—10. apríl svo og frá 28. maí s. l. skuli koma til frádráttar refsivistinni. Þá ber og samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá uppsögu dóms þessa að telja. Þá ber að dæma ákærðan til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gunnars Möllers hrl., er ákveðast kr. 400,00.

Málið hefur verið rekið vítalaut

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Jón Sigurðsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsivistinni.

Ákærður skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Gunnars Möllers, kr. 400,00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.